# FRÉTTABLAÐIÐ

111. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. MAÍ 2016


# Fleiri tveggja flokka stjórnir í myndinni

**VG er með tæplega 20 prósenta fylgi í nýrri könnun. Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn stærstir. Mögulegt væri að mynda þrenns konar tveggja flokka stjórn. Stjórn með aðild Vinstri grænna yrði þó mjög veik.**

**STJÓRNMÁL** Möguleiki væri á þrenns konar þriggja flokka stjórn ef kosið yrði til Alþingis í dag.

Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn gætu myndað meirihluta, en þessir tveir flokkar gætu líka hvor um sig myndað meirihluta með VG. Þetta má lesa út úr niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Síðasta könnun sem Fréttablaðið gerði og sýndi að mögulegt væri að mynda tveggja flokka stjórn án Pírata var gerð í nóvember 2014, eða fyrir um einu og hálfu ári.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, telur stjórn Sjálfstæðisflokksins og VG þó ólíklegan möguleika að loknum kosningum. „Ég hef alltaf talað fyrir því að ef stjórnarandstaðan fær meirihluta eftir þessar kosningar, þá leitist hún við að mynda ríkisstjórn. Það finnst mér vera eðlilegur valkostur,“ segir Katrín.

Rétt tæplega 20 prósent segja að þau myndu kjósa VG ef kosið væri nú, 31,1 prósent Sjálfstæðisflokkinn og 30,3 prósent Pírata. Rúm sjö prósent myndu kjósa Samfylkinguna og tæp sjö prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Rúm þrjú prósent myndu kjósa Bjarta framtíð.

Ef niðurstöður kosninga yrðu í samræmi við könnunina fengi Sjálfstæðisflokkur 21 þingmann kjörinn, Píratar 20, VG fengi 13, Samfylkingin fengi fimm menn og Framsóknarflokkurinn fjóra.

„Hún er mjög athyglisverð þessi fylgisaukning Vinstri grænna. Vinstri græn virðast hafa styrkt stöðu sína verulega í kjölfar þessa stjórnaróróleika sem hefur verið á landinu undanfarnar vikur,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor.

„Það er augljóst að bæði Samfylking og Framsóknarflokkur eru í verulegum vanda. Þetta er mjög slæm útkoma fyrir flokkinn sem stýrir ríkisstjórninni annars vegar og hins vegar fyrir stærsta stjórnarandstöðuflokkinn, sem hefur á þessum tíma verið nokkuð í umfjöllunni vegna formannskjörs.“

Í aðsendri grein í blaðinu í dag leggur Magnús Orri Schram, formannsframbjóðandi Samfylkingar, til að flokkurinn verði lagður niður og nýr jafnaðarflokkur stofnaður í hans stað. Flokkurinn njóti ekki hljómgrunns.

– jhh, snæ / sjá síður 4 og 18

### Fylgi flokka

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 9. maí




**Það er augljóst að bæði Samfylking og Framsóknarflokkur eru í verulegum vanda.**



Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ



Pepsi-deild kvenna hófst með fjórum leikjum í gær. Íslandsmeistarar Breiðabliks unnu öruggan sigur á KR, Selfoss gerði góða ferð til Eyja og vann sigur á ÍBV og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði í fyrsta deildarleik sínum á Íslandi síðan 2008. Þá skoraði Harpa Þorsteinsdóttir þrennu þegar Stjarnan vann Þór/KA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Er eitthvert líf eftir próflok?

**LÍFIÐ** Nú er runninn upp sá tími ársins að prófatíðin fer að klárast hjá flestum. Nemendur í prófum hafa gengið í gegnum ýmsar raunir undanfarið, eins og að vaka heilu næturnar, drekka yfir sig af kaffi og stressast upp úr öllu valdi.

Það er erfitt að ímynda sér að lífið verði samt aftur á meðan þessi ósköp standa yfir, en engar áhyggjur – það er líf eftir prófin. Fréttablaðið skoðar nokkrar skotheldar leiðir sem mismunandi manngerðir geta nýtt sér til að komast aftur í gamla formið.

– sþh, gjs / sjá síðu 38



## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um sundraða flokka. 19

**SPORT** Kevin Keegan var meðal gesta á Business and Football. 22

**MENNING** Hið íslenska bókmenntafélag er 200 ára og af því tilefni er efnt til afmælissýningar í Þjóðarbókhlöðunni. 28

**LÍFIÐ** Með hendur í hári Sigourney Weaver. 42

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Fremur hæg sunnanátt á landinu í dag. Sólríkt veður á Norðaustur- og Austurlandi, annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Hiti 6 til 14 stig.

SJÁ SÍÐU 26

# Framkvæmdir á fullu



**Miðborgin** Framkvæmdir á Hljómalindarreitnum standa yfir en Icelandair Hotels stefna að því að opna þar hótel fyrir 17. júní. Langt er í land en 130 starfsmenn koma að framkvæmdum á degi hverjum. Stefnt er að því að verslanir og íbúðarhúsnæði verði tilbúið síðar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leiga stúdenta hækkar um 5%

**HÚSNÆÐISMÁL** Félagsstofnun stúdenta tilkynnti í gær leigjendum á Stúdentagörðum um 5,3% hækkun á leigugrunni. Í tilkynningu til leigjenda kom fram að hækkunin væri tilkomin vegna aukins rekstrarkostnaðar, þá sér í lagi vegna hærri fasteignagjalda, sem innheimt eru af Reykjavíkurborg.

Einnig verður leiguverð á almennum íbúðum og herbergjum samræmt verði á herbergjum með aðgengi fyrir fatlaða. Íbúðir fyrir fatlaða eru stærri og hingað til hafa ófatlaðir greitt hærra verð en fatlaðir fyrir leigu á þeim. Nú verður leigan hins vegar sú sama og á öðru sambærilegu húsnæði, óháð því hvort íbúar eru fatlaðir eða ekki. **– þv**



**Bjarkey er meðflutningsmaður frumvarpsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tíu efstu greini frá fjárhag maka

**ALÞINGI** Þrjár þingkonur Vinstri grænna hafa lagt fram frumvarp á Alþingi þess efnis að frambjóðendur í tíu efstu sætum hvers framboðslista fyrir alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar greini opinberlega frá fjárhag sínum og maka þeirra um leið og framboðið er lagt fram. Hið sama gildi um forsetakosningar.

Þingkonurnar eru Svandís Svavarsdóttir þingflokksformaður, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Steinunn Þóra Árnadóttir. Samkvæmt frumvarpinu á að gera grein fyrir heildartekjum á árinu fyrir kosningar og eignum og skuldum beggja hjóna. **– snæ**

# Bíða eftir félagsdómi

**KJARAMÁL** Kjaradeila flugumferðarstjóra við Isavia er enn í hnút. Síðast var fundað í deilunni á mánudag.

„Fundurinn var tíðindalaus," segir Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra. „Menn eru bara að bíða eftir niðurstöðu félagsdóms." Hann segir vonir standa til að dómurinn skili í vikunni, eða á allra næstu dögum, úrskurði um lögmæti þjálfunarbanns sem flugumferðarstjórar hafa boðað, til viðbótar við yfirstandandi yfirvinnubann þeirra.

„Svo halda viðræður væntanlega áfram þegar sú niðurstaða er komin," segir Sigurjón. **– óká**



**Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra**

# Skuggakosningar verða um forseta í Hornafirði

**Vaxandi spenna er í Hornafirði fyrir fyrstu skuggakosningum ungmenna samhliða forsetakosningum í júní. Á að sporna við dvínandi stjórnmálaþátttöku ungs fólks. Úrslitin kynnt á kosningavöku og unglingaballi á Humarhátíðinni.**

**STJÓRNMÁL** „Það eru allir mjög spenntir, sérstaklega þegar hugsað er til þess að þetta á eftir að hafa jákvæð áhrif til framtíðar," segir Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir, meðlimur ungmennaráðs Hornafjarðar sem heldur forsetakosningar fyrir ungmenni í júní.

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti í fyrradag ósk ungmennaráðsins um svokallaðar skuggakosningar fyrir þrettán til sautján ára samhliða forsetakosningunum 25. júní. Ungmennaráðið fagnaði niðurstöðunni á fundi síðdegis í gær og hvatti til þátttöku í kosningunum.

„Í skuggakosningum gefst ungu fólki tækifæri til að læra að kjósa," segir Sigríður. „Þetta hefur aldrei verið gert á Íslandi áður. Hugmyndin er náttúrlega að auka kosningaþátttöku ungs fólks því kannanir og rannsóknir sýna að hún minnkar frá ári til árs."

Sigríður segir að ákveðið hafi verið að nýta tækifærið núna því forsetakosningarnar beri upp á sömu helgi og hina árlegu humarhátíð á Höfn.

„Okkur fannst kjörið að bjóða upp á skuggakosningar sem viðburð fyrir ungt fólk því það er ekki mikið um að vera fyrir ungt fólk á bæjarhátíðinni," útskýrir Sigríður. „Við verðum með kosningavöku fyrir þrettán til átján ára. Það þarf að vera smá gulrót og það verður ball með Emmsjé Gauta. Eftir því sem ég best veit er mikil spenna fyrir þessu."

Skuggakosningarnar verða á sama kjörstað og forsetakosningarnar sjálfar á Höfn. Einnig verður kosið í sveitunum; í Öræfum og á Mýrum.

„Við verðum með kjörskrá og með sér kjörseðla og sér kjörklefa svo það verði enginn ruglingur," segir Sigríður og hlær. Á kjörseðlinum verða nöfn þeirra sem verða á hinum raunverulega kjörseðli í forsetakosningunum. Talning atkvæða í skuggakosningunum verður á kjörstað á Höfn með yfirumsjón kjörstjórnar sveitarfélagsins.




**Fjórir af fimm aðalmönnum ungmennaráðs Hornafjarðar: Þorkell Ragnar Grétarsson, Dagbjört Ýr Kiesel (starfsmaður ráðsins), Þórdís María R. Einarsdóttir, Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir og Sunna Dögg Guðmundsdóttir.** MYND/BRYNDÍS BJARNARSON

> Okkur fannst kjörið að bjóða upp á skuggakosningar sem viðburð fyrir ungt fólk því það er ekki mikið um að vera fyrir ungt fólk á bæjarhátíðinni.
>
> Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir, meðlimur ungmennaráðs Hornafjarðar

Að sögn Sigríðar eru undirtektirnar mjög góðar því fólk sjái að áhrifin geti verið jákvæð. „Þetta er fólk sem á eftir að kjósa á næstu árum og fólk sem mun stjórna landinu og verða næstu forsetar," segir hún.

„Við erum mjög spennt og ætlum að gera allt sem við getum til að hjálpa þeim til að koma þessu í gang," segir Þórhildur Ásta Magnúsdóttir bæjarfulltrúi sem fylgdi tillögu ungmennaráðs úr hlaði í bæjarstjórn. Tilgangurinn er að auka lýðræðisvitund ungs fólks.

„Við vonumst til að þetta eigi eftir að koma af stað meiri umræðu meðal yngri krakkanna," segir Þórhildur. „Það getur verið gaman fyrir þá að ræða inni á heimilunum hvaða forseta á að kjósa. Ég held að þetta verði bráðskemmtilegur viðburður." **gar@frettabladid.is**






## Með 486.000 kr. ferðapakka kaupauka í takmarkaðan tíma.

RAV4 2WD Hybrid eða 2WD Dísil býðst núna með veglegum ferðapakka í takmarkaðan tíma: sex manna tjald, gasgrill, stólar og borð fyrir útileguna, þverbogar og farangursbox á toppnum ásamt leiðsögukerfi sem vísar veginn að næsta tjaldstæði.

Gerðu ferðaklárt fyrir sumarið hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun** | **Tryggt framtíðarvirði** | **Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Þróun fylgis á kjörtímabilinu

## Svona skiptist fylgið milli flokka

Hringt var í 1.019 þar til náðist í 799 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki 9. maí. Svarhlutfallið var 78,4 prósent.
Alls tóku 64,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.




## Heildarskipting þingsæta

Könnun 9. maí 2016

Yrði þetta niðurstaðan væri möguleiki á að mynda þrenns konar tveggja flokka ríkisstjórn




## Skipting þingsæta eftir kjördæmum




# VG bætir við sig tæpum sex prósentum

**Tæplega 20 prósent myndu kjósa VG ef kosið yrði til þings núna. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar eru stærstir og hafa rúmlega 30 prósenta fylgi hvor um sig. Þrír möguleikar eru á myndun tveggja flokka stjórnar, en tveggja flokka stjórn með VG yrði afar veik.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



**STJÓRNMÁL** „Við höfum fundið fyrir meðbyr upp á síðkastið úti í samfélaginu. Við höfum fundið fyrir auknum áhuga fólks á að taka þátt í okkar starfi,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

VG bætir við sig tæpum sex prósentustigum í nýrri könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis frá fyrri könnun sem gerð var í síðustu viku. Mælist flokkurinn nú með 19,8 prósenta fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar eru stærstu flokkarnir, en 31,1 prósent myndi kjósa Sjálfstæðisflokkinn og 30,3 prósent myndu kjósa Pírata. Munurinn á fylgi flokkanna er innan vikmarka og breytingin á fylgi þeirra frá könnun síðustu viku er líka innan vikmarka. Rúm sjö prósent myndu kjósa Samfylkinguna og 6,5 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Þá myndi 3,1 prósent kjósa Bjarta framtíð og fengi flokkurinn ekki þingmann kjörinn.

Fylgi Vinstri grænna er núna um það bil 9 prósentustigum meira en það var í þingkosningunum 2013. Formaðurinn segir flokkinn þó halda

> Við höfum fundið fyrir auknum áhuga fólks á að taka þátt í okkar starfi.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs



sínu striki og taka breytingum með ró. „Af því að svona lagað getur sveiflast mjög hratt.“ Katrín segir flokkinn ekki setja sér nein prósentumarkmið fyrir næstu kosningar. „Okkar markmið snúast um að ná sem bestum árangri fyrir okkar stefnu og við setjum engin svona prósentumarkmið.“

Yrðu niðurstöður kosninga, sem ráðgert er að halda í október, í samræmi við niðurstöður könnunarinnar myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 21 kjörinn þingmann og bæta við sig tveimur mönnum frá síðustu kosningum.

Píratar fengju tuttugu þingmenn en eru nú með þrjá. VG fengju svo þrettán þingmenn, Samfylkingin fimm og Framsóknarflokkurinn fjóra. Þetta þýðir að nú er komin upp sú staða að völ væri á þrenns konar tveggja flokka ríkisstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar gætu myndað ríkisstjórn með 41 þingmann að baki sér. VG gæti líka myndað ríkisstjórn, annaðhvort með Sjálfstæðisflokknum eða Pírötum.

Ríkisstjórnir með aðild VG myndu þó hafa afar nauman meirihluta á bak við sig. Ríkisstjórn VG og Pírata hefði 33 þingmenn á bak við sig en ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og VG 34. Meirihlutastjórn þarf að hafa minnst 32 þingmenn á bak við sig.




# Skattskilin eru ekki í samræmi við lög

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, birti í gær upplýsingar um eignir og skattgreiðslur sínar og eiginkonu sinnar, Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, um áratug aftur í tímann.

Samkvæmt Sigmundi byggir skattframtal þeirra hjóna á þeirri meginforsendu að aflandsfélagið Wintris Inc. hafi ekki verið í atvinnustarfsemi og því hafi þeim ekki borið að skila svokölluðum CFC-skýrslum. Ásmundur G. Vilhjálmsson, sérfræðingur í skattarétti, segir þessa aðferð Sigmundar við skattskilin ekki í samræmi við skattalög.

„Þvert á móti þá ber aðilum sem ekki eru í atvinnurekstri einmitt að skila inn skýrslunum, en þeir sem eru í atvinnurekstri eru undanþegnir skilaskyldunni,“ segir Ásmundur.


Sigmundur Davíð birti upplýsingar um eignir og skattgreiðslur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, meðlimur Jæja-hópsins, segir útskýringu Sigmundar á því hvers vegna þau hjónin skiluðu ekki inn CFC-skýrslu ekki fullnægjandi.

Hann segir einnig að mótmælin á Austurvelli hafi ekki snúist um það hvort hann hefði staðið skil á skatti eða ekki. „Það var enginn að ásaka hann eða konu hans um skattsvik. Aðalásökunin var sú að hann tók félagið ekki fram í hagsmunaskráningu þingsins,“ segir Bjartmar.

– gag, þv

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu





ÞÚ SPARAR: 10.000 kr

**49.990 kr**
~~59.990~~ kr
Broil King
**Gasgrill Broil King Royal 320**
3 ryðfríir brennarar: Dual tube 8,8kW/h, rafstýrður kveikjari, grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind.
3000604

**76.990 kr**
~~99.900~~ kr
weber
**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU.
3000380



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**38.245 kr**
~~44.995~~ kr
15% afsláttur
**Sláttuvél TEXAS**
Razor 4610 með drifi
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**15.956 kr**
~~20.995~~ kr
24% afsláttur
**Sláttuvél IKRA ELM 1434U**
1400w, 34 cm sláttubreidd, 35 ltr. safnkassi, 5 þrepa hæðarstilling 25-65 mm, eitt handtak.
5085137



20% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**29.590 kr**
~~36.990~~ kr
Garðsett Hraun
3899573

## SÚPERTILBOÐ BLÓMAVALS



33% afsláttur
Stjúpur 10 stk. í bakka.
**1.199 kr**
~~1.790~~ kr





## PALLAEFNI
Byggjum á betra verði



**185 kr/lm**
Verð frá
21x95 mm.
621600

**215 kr/lm**
Verð frá
28x95 mm
628600

29% afsláttur
Margarita.
**1.199 kr**
~~1.690~~ kr

SUMAR-BLÓMIN
blómaval

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana




## Örtröð við rauða dregilinn



Kvikmyndahátíðin í Cannes var sett í gær í 69. sinn. Mikið var um dýrðir á rauða dreglinum en eins og sést var gríðarlegur fjöldi ljósmyndara samankominn til að ná myndum af helstu stjörnum kvikmyndabransans. Nýjasta kvikmynd Woody Allen, Café Society, var opnunarmynd hátíðarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Sjómenn bíða svars um skattaívilnun

**Útgerðarmenn og sjómenn hafa í megindráttum komið sér saman um nýjan kjarasamning. Beðið er svara frá ríkinu um mögulega aðkomu að samningi með skattaívilnun til handa sjómönnum. Sjómenn hafa verið samningslausir frá 2011.**

**KJARAMÁL** Nýr kjarasamningur milli sjómanna og útgerðarmanna er fullgerður að mestu en beðið er ákvörðunar um aðkomu stjórnvalda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur ekki annað í vegi fyrir undirritun en vilyrði um ákveðna skattaívilnun sjómönnum til handa.

Svars er sagt að vænta á næstu dögum um hvort stjórnvöld leggist á árar með viðsemjendum og liðki fyrir nýjum samningi.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir um hvaða aðgerðir er að ræða, en þær eru þó sagðar snúast um skattfrelsi á hluta tekna sjómanna, á svipaðan hátt og farið sé með dagpeningagreiðslur til launamanna. Upphæðirnar sem um sé að ræða séu ekki háar en þó þannig að þær skipti sjómenn máli.

Sjómannaafsláttur, sem sjómenn nutu áður, féll niður frá og með tekjuárinu 2014. Hann nam árið 2013 alls 246 krónum á dag, að því er fram kemur á vef Ríkisskattstjóra, og náði til daga þar sem skylt var að lögskrá menn á sjó, auk daga þar sem sjómenn áttu rétt á veikindalaunum.

> Nokkur kurr var kominn í sjómenn þegar upp úr viðræðum slitnaði í desember og var gengið í það milli jóla og nýárs að kanna hug sjómanna til mögulegra verkfallsaðgerða. Á nýja árinu var orðið ljóst að vilji væri meðal sjómanna til að taka slaginn.

Frá því í lok apríl hafa verið væntingar um að takast mætti að ljúka samningum Sjómannasambands Íslands við SFS (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, áður LÍÚ) á allra næstu dögum, einungis ætti eftir að „hnýta nokkra lausa enda“.

Viðræður sjómanna og útgerðarmanna voru teknar upp á ný á síðasta ári, en sjómenn hafa verið samningslausir frá því í ársbyrjun 2011.

Viðræður gengu þó hægt þegar liðið var á árið og hafðar uppi kröfur beggja vegna sem viðsemjendur áttu bágt með að sætta sig við. Þar á meðal voru kröfur sem sjómenn hafa haft á lofti um að allur afli fari á markað og kröfur útgerðarmanna um aukna þátttöku sjómanna í kostnaði við útgerðina, þar á meðal veiðigjöldum og olíukostnaði.

Nokkur kurr var kominn í sjómenn þegar upp úr viðræðum slitnaði í desember og var gengið í það milli jóla og nýárs að kanna hug sjómanna til mögulegra verkfallsaðgerða. Á nýja árinu var orðið ljóst að vilji væri meðal sjómanna til að taka slaginn.

Viðræður voru hins vegar teknar upp að nýju í mars og hefur verið nokkur gangur í þeim síðan þá. Reyna átti til þrautar að ná lendingu í viðræðum til að afstýra aðgerðum. Helstu ágreiningsefni voru tekin út fyrir sviga og stefnt að því að ná samningi sem næði utan um þá þætti sem menn gætu komið sér saman um. olikr@frettabladid.is

KLASI kynnir:

# Nýtt á Garðatorgi

Á neðstu hæð fjölbýlishúsaklasa við Garðatorg opnar nú hvert þjónustufyrirtækið af öðru, glæsilegar sérverslanir, veitingastaður og förðunarskóli. Staðurinn er miðsvæðis, í alfaraleið á höfuðborgarsvæðinu og kærkomin viðbót í verslanaflóru Garðabæjar og nærbyggða.




Sælkerabúðin Kjöt og fiskur leggur kapp á gott úrval af ferskum fiski og gæðakjöti en einnig er boðið upp á tilbúinn mat og margskonar meðlæti sem Ari Posocco töfrar fram í sérútbúnu eldhúsi á staðnum.




Á blómaverkstæðinu fæst fjölbreytt úrval skreytinga eftir Auði sem er lærður blómaskreytingameistari. Auður sækir innblástur í verk sín í náttúruna og býr til fjölmarga hluti frá grunni, s.s. krossa, kerti og ýmiskonar skrautmuni.




Metnaðarfullur eðalmatseðill úr úrvals hráefni. Mathús Garðabæjar er staður þar sem fólk kemur saman og nýtur stundarinnar í mat og drykk. Mathúsið aðstoðar og ráðleggur einnig við stórar og smáar veislur.




Verslunin Maí er lífsstílsverslun sem sérhæfir sig í náttúrulegum heilsu- og snyrtivörum ásamt fallegum hlutum fyrir heimilið.




Evrópsk húsgögn og húsmunir sem standast ströngustu gæða- og endingarkröfur. Verslunin hefur um árabil þjónustað fyrirtæki og stofnanir en Willamia á Garðatorgi býður nú upp á breiðara úrval af gæðavörum fyrir heimilið.




Mud Studio er fyrsti alþjóðlegi förðunarskólinn á Íslandi sem býður upp á alþjóðleg réttindi og útskrifar nemendur með viðurkennda prófgráðu. Einnig eru í boði stök námskeið og almenn fræðsla um allt sem viðkemur útliti og förðun.




Sportland selur allt til íþróttaiðkunar en sérhæfir sig einnig í markmannshönskum, handboltavörum og búningaþjónustu fyrir íþróttafélög, hópa og fyrirtæki. Á meðal vörumerkja í Sportlandi: Better Bodies, Gasp, Uhlsport og Kempa.




Fjölbreytt úrval gleraugna og sólgleraugna en einnig er boðið upp á sjónmælingar sem augnlæknar framkvæma í versluninni. Gleraugna-Pétur selur ZEISS háskerpuglerin sem talin eru ein bestu sjónglerin sem völ er á.

PIPAR\TBWA • SÍA

## Við erum hér:




Nýtt Garða torg

# Vill að allt sé uppi á borðum í TISA

**Rosa Pavinelli segir TISA-viðræðurnar ógn við bæði lýðræðið og almenning. Leyndin sem hvílir yfir þeim sé hættuleg, stórfyrirtæki beiti þrýstingi bak við tjöldin og hagsmunir almennings séu vanræktir. Leyniskjöl hafi varpað ljósi á margt en breyti ekki stefnunni.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Aðalatriðið er að birta textann. Allan textann," segir Rosa Pavinelli um viðræður Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og fleiri ríkja um TISA-samninginn, sem snýst um þjónustuviðskipti milli ríkja.

Pavinelli er framkvæmdastjóri Alþjóðasambands opinberra starfsmanna, PSI. Hún hefur gagnrýnt leyndina sem hvílir yfir viðræðunum og óttast að stjórnvöld ríkjanna séu alltof værukær gagnvart hagsmunaþrýstingi frá stórfyrirtækjum. „Staðreyndin er sú að borgurunum og lýðræðinu stafar hætta af þessari leynd," segir hún.

„Þetta var ekki svona áður. Í samningalotunum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, var allt uppi á borðum. Við í launþegahreyfingunni höfðum fullan aðgang að textanum, gátum rýnt í hann og gert athugasemdir." Hún segir þessu öðru vísi farið í nýrri viðræðum um stóra viðskiptasamninga.

### Allt sem ekki er tilgreint

Pavinelli segir annað mikilvægt atriði líka frábrugðið í þessum nýrri samningum. Það snýst um hvernig ríki undanskilja tiltekin ákvæði sem þau vilja ekki gangast undir.

„Áður var það þannig að aðildarríkin gerðu lista yfir þau ákvæði, sem þau vildu taka þátt í og þurftu ekki að hafa áhyggjur af neinu öðru. Nú er þetta orðið öfugt, þannig að ríkin þurfa að gera lista yfir þau ákvæði, sem þau vilja ekki taka þátt í. Þetta þýðir að þau eru sjálfkrafa aðilar að öllu sem ekki er með á þeim lista. Þannig að ef það til dæmis gleymist að undanskilja himnuskiljun fyrir nýrnasjúklinga, þá verður opnað á einkarekstur í þeim geira. Og hvað svo með nýja tækni og nýjar þjónustugreinar, sem falla þá sjálfkrafa undir samninginn af því að ekki var búið að undanskilja það skýrum orðum? Og hver veit hvað gerist eftir 50 ár?"

Að auki sé þessum viðræðum nú háttað þannig, að einungis ríkin sem taka þátt í viðræðunum geti samið um efni þeirra. Önnur sem bætast í hópinn síðar hafi ekkert um þau að segja.

### Leyndin rofin

Wikileaks birti á síðasta ári nokkrum sinnum fjölmörg leyniskjöl frá TISA-viðræðunum, og Greenpeace-samtökin gerðu slíkt hið sama nú í maí.

Birting skjalanna hefur varpað ljósi á margt, sem áður var hulið leynd. Pavinelli segir að svo virðist sem birting skjalanna og gagnrýni í kjölfar hennar hafi haft einhver áhrif á viðræðurnar þótt meginstefna þeirra hafi ekki breyst. „Mér sýnist Evrópusambandið sýna af sér meiri háttvísi og forðast að vera með of mikinn þrýsting. Það hefur til dæmis verið fljótara að fallast á gagnrýni á hugmyndir um að yfirþjóðlegt vald verði sett á stofn til að skera úr um ágreining milli ríkja og fyrirtækja. Slíkt yfirþjóðlegt vald kemur í veg fyrir að ríki geti sett reglur sem fyrirtæki, sem starfar þar, þarf að fara eftir."



Rosa Pavanelli segir stjórnvöld sýna lítinn áhuga á að verja hagsmuni almennings.

> **Þetta var ekki svona hér áður fyrr. Í samningalotunum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, var allt uppi á borðum.**
>
> Rosa Pavanelli, framkvæmdarstjóri PSI

> **TISA**
>
> **Trade in Services Agreement**
> *Samningur um frelsi í þjónustuviðskiptum*
>
> - Viðræður standa yfir.
> - Fimmtíu aðildarríki, þar á meðal öll ríki Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, Bandaríkin, Kanada, Noregur, Sviss og Japan.

### Ekkert að óttast, segir Merkel

Leyndin er þó ekki alger. Evrópusambandið hefur birt öll skjöl, sem frá því koma um þessa samninga, þar á meðal samningsmarkmið sín á mismunandi stigum umræðunnar.

Hið sama hafa Íslendingar gert. Utanríkisráðuneytið er með öll aðgengileg plögg á sinni vefsíðu.

Þá fullyrðir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að endanleg niðurstaða samninganna muni ekki fela í sér neina skerðingu á neytendavernd, umhverfisvernd eða kröfum um matvælaöryggi.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur ítrekað fullyrt að Þjóðverjar þurfi ekkert að óttast, að ekki verði slegið af neinum gæðakröfum í fríverslunarsamningi við Bandaríkin.

### Merki um upplausn?

„Ég vona það svo sannarlega," segir hún, spurð um vangaveltur í þýskum fjölmiðlum nýverið, þar sem greint er frá merkjum þess að samningaviðræðurnar séu að leysast upp vegna þess að Evrópuríki muni aldrei skrifa undir ítrustu kröfur stórfyrirtækjanna. „En ég get engu spáð. Það sem ég sé er að alþjóðafyrirtækin beita miklum þrýstingi og hótunum en stjórnvöld sýna lítinn áhuga á því að verja hagsmuni almennings."





NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA
3500KG

100 HISTORIC YEARS Founded 1916 ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI
PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

*Miðað við eyðslutölur frá framleiðanda á beinskiptum bíl í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM74813

# HÁTÍÐARTILBOÐ
# Í TILEFNI HVÍTASUNNUNNAR



IDdesign

**30%** AFSLÁTTUR

## DC 5000
Þriggja sæta sófi.
Grátt slitsterkt áklæði.
Einnig fáanlegur tveggja sæta.
Stærð: 3ja 203 x 79 H: 81 cm.

**153.993 kr.**
~~219.990 kr.~~



## PINTO
Hornsófi. 2H3 eða 3H2.
Slitsterkt áklæði, grátt eða svart.
Hátt bak og þægilegur.
Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

**20%** AFSLÁTTUR

**159.992 kr.** ~~199.990 kr.~~

LA-Z-BOY
Live life comfortably.

## PINNACLE
Klæddur svörtu leðri
á slitflötum.
Stærð: 84 × 90 × 100 cm

**30%** AFSLÁTTUR

**125.993 kr.**
~~179.990 kr.~~



## MAGAN
Borðstofustóll í fjórum útfærslum. Dökkgrár eða dökkrauður með dökkum eða ljósum viðarfótum.



**19.990 kr.**
~~27.990 kr.~~



## ANDREW
Sterkbyggðir stólar fyrir eldhúsið eða borðstofuna.
Svart bundið leður.

**13.990 kr.**
~~19.990 kr.~~



SMÁVARA FRÁ SALT&PEPPER
**50%** AFSLÁTTUR




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardag
**Akureyri** Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
www.husgagnahollin.is 558 1100
Lokað á Hvítasunnudag og annan í Hvítasunnu

HÚSGAGNA HÖLLIN

## VIÐSKIPTI

# Óttast umfang skuldavandans í Kína

Á fyrsta ársfjórðungi 2016 bættist billjón dollara við heildarumfang skulda í Kína. Óttast er að skuldir Kína séu að verða of miklar.

Business Insider greinir frá því að skuldir einkaaðila í Kína séu orðnar svo miklar að eina dæmið um slíkar skuldir hafi fundist á Írlandi rétt fyrir kreppu árið 2008, samkvæmt greiningaraðilanum Andrew Garthwaite hjá Credit Suisse. Þegar skuldirnar voru svona miklar á Írlandi var stutt í að fasteignabólan þar í landi spryngi og að atvinnuleysi þrefaldaðist.

Garthwaite segir bólu ríkja á húsnæðismarkaði í Kína. Hann bendir á að lán deilt með landsframleiðslu hafi hækkað meira á sjö ára tímabili en í nokkru öðru landi (fyrir utan Írland fyrir kreppu). Skuldir deilt með vergri landsframleiðslu í Kína eru nú 36 prósentum hærri en meðaltal síðustu 25 ára og nema um 240 prósentum.

Erfitt er að spá um þróun skuldavandans í Kína, en engu að síður er hann verri þar í landi en í nokkru öðru landi í dag. – sg

**240%**

**nema skuldir deilt með vergri landsframleiðslu í Kína.**



Greiningaraðili hjá Credit Suisse telur að bóla ríki á húsnæðismarkaði í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






Enginn aukakostnaður fylgdi tilrauninni fyrir utan bakvakt á föstudagseftirmiðdögum hjá Barnavernd. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Jákvæð áhrif af styttri vinnudegi

**Starfsmenn Reykjavíkurborgar náðu að sinna verkefnum sínum til fulls á 35 tíma vinnuviku og veikindi drógust saman í tilraunaverkefni.**

Niðurstöður tilraunverkefnis um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg benda til þess að starfsmönnum hafi tekist að sinna verkefnum sínum til fulls þrátt fyrir fjórum til fimm klukkutímum styttri vinnuviku. Enginn aukakostnaður fylgdi tilrauninni fyrir utan bakvakt á föstudagseftirmiðdögum hjá Barnavernd.

Niðurstöður benda til þess að með styttri vinnuviku sé andleg og líkamleg líðan starfsmanna betri, starfsánægja eykst og tíðni skammtímaveikinda lækkar. Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar og formaður stýrihóps um innleiðingu verkefnisins, segir tvímælalaust jákvæð áhrif af þessari tilraun. Hún segir æskilegt að halda áfram með verkefnið til að mæla hvort jákvæð áhrif vari.

Frá 1. mars 2015 til 1. mars 2016 fór fram tilraun með styttingu vinnuviku í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hjá Barnavernd; tveimur vinnustöðum þar sem álag var talið mikið. Hjá Barnavernd var vinnuvikan stytt um fjóra klukkutíma með því að loka eftir hádegi á föstudögum, þá tók bakvakt við. Hjá Þjónustumiðstöðinni var lokað klukkan þrjú í stað fjögur alla virka daga. „Við áttuðum okkur strax á því að það er mikilvægt að laga þetta að hverjum vinnustað fyrir sig,“ segir Sóley.

„Verkefnið hefur gengið snurðulaust fyrir sig. Það hafa verið mjög fáar hindranir í veginum. Báðir vinnustaðir tóku sínar daglegu venjur til gagngerrar skoðunar, þeir veltu fyrir sér tímastjórnun, lengd kaffipása, og funda. Niðurstöður og samtöl við fólk sem tók þátt benda til þess að fólk nýti tímann sem það er í vinnunni betur til vinnu,“ segir hún.

Sóley segir að þó að þessar vísbendingar séu til staðar þá sé ýmislegt sem þörf sé á að skoða frekar, til dæmis hvort fólk sem vinni styttri vinnuviku sé að taka á sig auknar byrðar heima. „Niðurstöður tilraunarinnar verða formlega kynntar á málþingi í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan tvö í dag. Það væri gaman ef málþingið í dag yrði til að kveikja í almenna vinnumarkaðnum til að skoða þetta,“ segir Sóley Tómasdóttir. saeunn@frettabladid.is

**35**

**tíma vinnuvika skilaði sömu niðurstöðum hjá Þjónustumiðstöðinni.**

**Það væri gaman ef málþingið í dag yrði til að kveikja í almenna vinnumarkaðnum til að skoða þetta.**



Sóley Tómasdóttir forseti borgarstjórnar


DEBENHAMS
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
KJÓLUM*
GILDIR ÚT MÁNUDAG
Opið til kl. 21:00 í kvöld
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Mývatn er prófsteinn á nýja löggjöf

**Ný náttúruverndarlög virðast skuldbinda stjórnvöld til að bregðast tafarlaust við grafalvarlegu ástandi í lífríki Mývatns en óhemju magn blábaktería er í vatninu. Það kemur til viðbótar þeim skyldum sem sérlög um vernd sem um svæðið gilda leggja þeim á herðar.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





**Óhemju magn blábaktería í Mývatni tvö síðastliðin sumur er skýrt merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum, er mat sérfræðings um lífríki vatnsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Staðan sem komin er upp við Mývatn virðist ekki aðeins ætla að varpa ljósi á hvort sérlög um vernd Mývatns og Laxár eru aðeins orðin tóm heldur einnig prófsteinn á ný náttúruverndarlög sem Alþingi samþykkti einum rómi í vetur.

Fjallað var um ástandið við Mývatn og fráveitumál Skútustaðahrepps á þinginu á þriðjudag. Þar kom fram þverpólitískur vilji til þess að stjórnvöld brygðust tafarlaust við. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, gerði það að tillögu sinni að tafarlaust kæmi til fjárveiting til handa Skútustaðahreppi til að hefja umbætur á fráveitumálum sveitarfélagsins – einum af þeim þáttum sem mannshöndin getur sannarlega haft áhrif á í hinu flókna samspili sem sambúð manns og náttúru er við Mývatn. Þar vísaði hann til röksemda stjórnvalda um að lítið væri hægt að gera áður en fullvissa sé fyrir því hvað veldur lífríkinu við Mývatn svo miklum skaða sem raun ber vitni.

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, benti á í þingræðu sinni á þriðjudaginn að vissulega væri ekkert sannað hversu mikið álagið á vatnið er af mannavöldum. Hins vegar þyrftu ný náttúruverndarlög að skoðast í því ljósi og vitnaði til 9. greinar laganna þar sem segir: Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

„Þetta samþykktum við öll á Alþingi Íslendinga í vetur sem leið, þ.e. varúðarregluna samkvæmt Ríó-yfirlýsingunni. Þessi regla segir að við getum ekki skákað í því skjóli að við vitum ekki hversu mikið er um að kenna sambúðinni við manninn, að hve miklu leyti er um að ræða náttúrulegar sveiflur o.s.frv. Okkur ber að grípa inn í og okkur ber að láta náttúruna njóta vafans. Og ég vil biðja hæstvirtan ráðherra að segja nokkur orð um þessi mál í lok þessarar umræðu, þ.e. hvort við séum ekki alveg sammála um að nýsamþykkt náttúruverndarlög skeri úr um okkar skyldu gagnvart vatninu þegar þetta ástand blasir við,“ sagði Svandís.

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, varð ekki við þessari ósk Svandísar. Hitt liggur þó fyrir að ný náttúruverndarlög voru samþykkt samhljóða 12. nóvember í fyrra og var sérstaklega til þess tekið af þingmönnum allra flokka hversu vel tókst til, og haft á orði að þvert á orðaskak og ósætti þá væri hægt að lenda góðum málum með samstarfi, þó það hafi tekið tíma.

Af þessu tilefni sagði Sigrún í viðtali við RÚV að þingið hefði þurft á tímanum að halda enda hefði margt breyst á tveimur árum, ekki síst gríðarleg fjölgun ferðamanna. Ráðherra fagnaði niðurstöðunni; leikreglur hefðu verið skýrðar en um leið settar auknar kröfur á ráðuneyti og stofnanir.



**Svandís Svavarsdóttir þingmaður Vinstri grænna**

Röksemdin að baki varúðarreglunni er óvissa, í flestum tilvikum vísindaleg óvissa og skortur á upplýsingum, um hvort ákveðnar aðgerðir eða eftir atvikum aðgerðaleysi muni hafa óæskileg áhrif á umhverfið. Þrátt fyrir óvissu ber eftir sem áður að grípa til fyrirbyggjandi varúðarráðstafana jafnvel þótt ekki sé mögulegt að sýna fram á orsakatengslin á milli tiltekinna athafna og áhrifa þeirra.

Fram að lagasetningunni 12. nóvember í fyrra hafði varúðarreglan ekki verið útfærð með skýrum hætti í lögum um náttúruvernd. Hins vegar má það fylgja sögunni að á varúðarsjónarmiðum var byggt í dómi Hæstaréttar árið 1997 um laxagengd í efri hluta Laxár, affalls Mývatns. Til grundvallar niðurstöðu Hæstaréttar fyrir því að leyfa ekki landeigendum að gera laxi kleift að ganga í efri hluta Laxár var sérstaða svæðisins sem er friðað með sérstökum lögum, og þeim þannig meinað að standa að aðgerðum er tefldu lífríkinu í Laxá og Mývatni í tvísýnu, að mati vísindamanna.

## Lífríki Mývatns undir miklu álagi:

- Óhemju magn blábaktería í Mývatni tvö síðastliðin sumur er skýrt merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum.
- Niðurstöður mælinga í fyrrasumar sýndu tólffalt það magn sem talið er óhóflegt í leiðbeiningum WHO.
- Engum vafa er talið undirorpið að athafnir manna hafi aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar komi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstri.
- Kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfinn úr Mývatni.
- Bleikja er á undanhaldi á svæðinu – stofninn er svo gott sem horfinn.
- Hornsílastofn Mývatns mældist afar lítill í fyrrasumar.
- Mikill ferðamannastraumur setur aukaálag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitur og ágang á náttúruverndarsvæði.


Tengibox og kaplar


Tengibox 1x32A-2x16-4x230 v
29.900


Tengibox 1x32A-1 x 16-4x230v
21.990


3 fasa rafmagnssnúrur 25m 32amp 5G4
19.900
einnig 25m 32Amp 5G6 24.990
& 63Amp 25m 5G10 29.990


Rafmagnskefli Pro 25m H07RN-F 3G1,5mm
8.590


Fjöltengibox IP44 H07RN F3G1,5 1,5 m snúra
1.990


Kapalkefli 50mtr H05vv-F 3G1,5mm
8.990
25mtr H05vv-F 3G1,5mm 6.190
25mtr H05vv F3G1,5mm 4.190


Rafmagnssnúra 25m H05vv F3G1,5
5.490
Einnig 15m kr. 3.190
10 mtr kr. 2.590
25mtr IP44 H07RN F3G1,5 kr. 7.790


Kapalkefli 10m H05vv-F3G1,5mm
2.990

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Selja á stöðugleikaeignir í opnu ferli

**VIÐSKIPTI** Þær eignir sem ríkið fékk afhentar með stöðugleikaframlögum föllnu bankanna á að selja í opnu útboði.

„Sala eða ráðstöfun skal eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt er gagnsæis og jafnræðis bjóðenda,“ segir í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um eignasölu í gegnum félagið Lindarhvol ehf.

Félagið var stofnað í apríl, á að hafa umsjón með sölu eignanna sem féllu ríkinu í skaut, að undanskildum Íslandsbanka sem heyrir undir Bankasýslu ríkisins.

Félagið hefur þegar hafið störf en í stjórn þess sitja Þórólfur Arason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, og Haukur C. Benediktsson, forstöðumaður Eignasafns Seðlabanka Íslands.

Við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna á að leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni samkvæmt svari ráðuneytisins. „Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs.“

Þá segir jafnframt að almenna reglan verði opið söluferli, bæði við sölu óskráðra og skráðra eigna. Skráðar eignir verði seldar í gegnum Kauphöll að undangengnu ferli þar sem söluaðili verður valinn.

„En óskað verður eftir tilboðum í söluþóknun vegna sölu á umræddum eignum og lægsta tilboði verður tekið.“



**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur sagt talsverðan áhuga á ákveðnum óskráðum eignum sem komust í ríkiseigu með stöðugleikaframlögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> En óskað verður eftir tilboðum í söluþóknun vegna sölu á umræddum eignum og lægsta tilboði verður tekið.
>
> Úr svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Áætlað er að eignirnar sem Lindarhvoll hefur umsjón með sölu á séu metnar á um 60 milljarða króna. Þar á meðal er hlutur í 16 hlutafélögum, t.d. í Sjóvá, Reitum, Dohop, Lyfju, Símanum og Eimskipum auk skuldabréfa á Arion banka, Hitaveitu Suðurnesja og ríkissjóð og Lánasjóð sveitarfélaganna. **– ih**


Nói Síríus kynnir:
Nóa Lakkrís
Síríus Rjómasúkkulaði
NÓA
Lakkrís
RJÓMAPERLUR
EINSTÖK ÁSTARSAGA
Þegar tvær íslenskar hetjur sameinast gerist eitthvað stórkostlegt.
Nóa Lakkrís er ekta íslenskur lakkrís. Hann er sætur og kröftugur í senn. Hann er lungamjúkur, með djúpu lakkrísbragði og anísundirtóni, sem tryggir þér alveg einstaka bragðupplifun. Síríus súkkulaði þekkja Íslendingar vel og hafa átt í ástarsambandi við um árabil. Hið silkimjúka Síríus rjómasúkkulaði bráðnar uppi í þér og í Nóa Rjómaperlum umlykur það mjúkan lakkrísinn, sem er einmitt þróaður til að fara einstaklega vel með súkkulaði. Saman mynda Nóa Lakkrís og Síríus rjómasúkkulaði einstakt par sem þú átt hreinlega eftir að elska.
NÚ Í VERSLUNUM NÁLÆGT ÞÉR
NÓA
Lakkrís
Rétta bragðið
cocoa
HORIZONS
Sjálfbærni - Samfélagsábyrgð


KRÓNAN
-20%
vínber
Ferskt
alla daga
-30%
hindber
399 kr. kg
Verð áður ~~499~~ kr. kg
Rauð vínber í öskju 500g, Suður Afríka
549 kr. pk.
Verð áður ~~799~~ kr. pk.
Driscolls hindber askja 250g, Portúgal
TILBOÐIN GILDA TIL 16. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Sweet dream
-30%
Grísahnakkaspjót
Mangó marinering
Alabama marinering
1189 kr. kg
Verð áður 1699 kr. kg
Grísahnakkaspjót, Spánn
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
Hvítlauks marinering
Ítölsk marinering
-36%
Úrbeinaðar grísakótilettur
New York marinering
1459 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, Spánn
TILBOÐIN GILDA TIL 16. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
ENGIN AUKAEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Fabrikkan er mætt
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
FABRIKKU SÓSAN
BARBÍKJÚSÓSA FABRIKKUNNAR
389 kr. stk.
Fabrikkusósan og Barbíkjúsósa Fabrikkunnar 300ml.
TYNDTSKÅRNE POMMES FRITES
DYBFROST . 900 G
POMMES SQUARES
DYBFROST . 600 G
CURLY FRIES
DYBFROST . 600 G
499 kr. pk.
Gestus þunnskornar, riffluðar og krullaðar franskar
100% hamborgara-búðin þín
90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
949 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!
199 kr. stk.
Kristall Mexican lime 2L
Gott verð!
Kristall
TILBOÐIN GILDA TIL 16. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
NÝTT
249 kr. stk.
Stjörnu Turkish pepper, chicago
og karamellu popp
NÝTT
349 kr. stk.
Nóa Kropp piparhúðað180g
Júróvision
PARTÝ hjá mér eða þér?
299 kr. pk.
Freyju Smá Draumur 180g
299 kr. pk.
Freyju Rís kubbar 170g
249 kr. pk.
Gestus Snakk;
BBQ, sjávarsalt
og sourcream&onion 175g
458 kr. pk.
Góu súkkulaðirúsínur
dökkar og ljósar 400g
TILBOÐIN GILDA TIL 16. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Fordæmið



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Undanfarnar vikur hafa upplýsingar úr Panama-skjölunum svokölluðu mallað út og haft gríðarleg áhrif á samfélag okkar. Sitjandi forsætisráðherra hefur þurft að segja af sér, boðað hefur verið til þingkosninga í haust og sitjandi forseti tók tímabundna ákvörðun um að hætta við að hætta við að sækjast eftir endurkjöri.

Alþjóðasamtök rannsóknarblaðamanna opnuðu á mánudag fyrir gagnagrunn með skjölunum þar sem hægt er að skoða félög skráð á aflandssvæðum og einstaklingana sem þar búa að baki. Þar var að finna nöfn fleiri Íslendinga sem eiga eða hafa átt skráð félög í skattaskjólum víðs vegar um heiminn.

Þessi opinberun vakti hins vegar ekki jafn mikla athygli, hvað svo sem veldur því. Nöfn ákveðinna einstaklinga koma ef til vill einfaldlega engum á óvart. Eins hafði hinn gríðarlegi fjöldi Íslendinga sem átti aflandsfélög verið gefinn upp og mátti því eiga von á þessum upplýsingum.

Engu að síður hefur birting skjalanna hrundið af stað nauðsynlegri umræðu um skattaskjól og skaðsemi þeirra. Skjölin varpa ljósi á skattaundanskot aðila sem nóg áttu fyrir, tilfærslu á fjármunum í hruninu sem „hurfu“ og augljóst tap íslenska ríkisins og þannig allra þjóðfélagsþegna á þessum æfingum.

En það má ekki gleyma allra verstu hlið þess að hægt er að eiga fé og rekstur í skattaskjólum. Með því að notast við slík félög, leyna eignarhaldi með því að fela raunverulega eigendur, er heimsins verstu starfsemi gert kleift að þrífast; hryðjuverkum, mansali, vopnasölu og svo framvegis.

Í vikunni rituðu 300 hagfræðingar víða að opið bréf í tilefni af ríkjaráðstefnu um spillingu sem haldin verður í næstu viku. Leiðtogar 40 ríkja sækja ráðstefnuna. Þeir segja skattaskjólin þjóna hinum ríkari og alþjóðafyrirtækjum og að hagnaður þeirra sé á kostnað allra hinna. Tilvist skattaskjóla sé ekki óhjákvæmileg og gerðist ekki af sjálfu sér. Hún er meðvituð ákvörðun stærri ríkisstjórna og fjármálafyrirtækja, ásamt endurskoðenda- og lögfræðistofum. Hagfræðingarnir hvetja ráðstefnugestina til að taka stór skref í átt að því að útrýma skattaskjólum.

Birgitta Jónsdóttir Pírati spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra hver stefna hans væri gagnvart skattaskjólum og hvort til greina kæmi að Ísland setti fordæmi varðandi það að banna slíka gjörninga. Bjarni svaraði því til að baráttan gegn skattaskjólum snerist um tiltekna afmarkaða þætti eins og peningaþvætti, afnám leyndar og skattsvik. Hann telur að lítill árangur myndi nást ef Íslendingar ætluðu einir að stíga það skref án samstarfs við önnur ríki.

Það er rétt hjá ráðherra að alþjóðasamfélagið verður að leggjast á eitt við að útrýma slíkum svæðum og möguleikum áframhaldandi uppgangs auðstjórnunar í heiminum. En það er ekkert sem segir að Ísland geti ekki verið hluti af þeim hópi sem leiðir þá vegferð. Þeir sem skipta við glæpamenn samþykkja starfsemi þeirra. Erum við samþykk því?

**Með því að notast við slík félög, leyna eignarhaldi með því að fela raunverulega eigendur, er heimsins verstu starfsemi gert kleift að þrífast; hryðjuverkum, mansali, vopnasölu og svo framvegis.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Dabbi Grensás**

**„Dabbi Grensás eins og flestir þekkja hann, var einn hættulegasti gangsterinn á götunni forðum daga. Hann rúlaði Breiðholtinu eins vel og hann rúlaði Grensásveginum.“ Svona hljómaði lýsingin á manni sem árið 2008 varð alræmdur í íslenskum fjölmiðlum fyrir ýmis fólskubrot. Davíð Oddsson forsetaframbjóðandi var líka mikið í fréttum árið 2008, sem seðlabankastjóri í miðju hruninu. Nú hefur hann opnað kosningaskrifstofu sína á Grensásvegi og gárungarnir sitja ekki á strák sínum. Búast má við því að Davíð verði kallaður Dabbi Grensás það sem eftir lifir kosningabaráttunnar. Sem borgarstjóri „rúlaði“ Davíð einmitt líka Breiðholti og Grensásvegi.**

**Halla í halla**

**Það má segja að Halla Tómasdóttir sé eini forsetaframbjóðandinn sem keyrir áfram kosningabaráttu af alvöru en mælist varla í könnunum. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins er Halla með 1% fylgi. Þetta er sérstakt því fyrir örfáum mánuðum svöruðu margir því til að þeir vildu konu á Bessastaði. Halla talar líka fyrir „kvenlegum gildum“ eins og hún orðar það sjálf. Það er orðið alveg ljóst að Halla verður ekki næsti forseti en spurningin er hvort hún geti nýtt áfangа baráttunnar í að eiga samtal við þjóðina, í stað þess að halla undir flatt.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Verum hugrökk



Magnús Orri Schram
varaþingmaður og frambjóðandi til formanns Samfylkingarinnar

Samfylkingin þarf að taka verulegum breytingum á næstu vikum til að geta gegnt hlutverki sínu sem valkostur jafnaðarfólks í kosningunum í haust. Flokkurinn er með átta til tíu prósenta fylgi sem er að mestu meðal elstu kjósendanna. Okkur gengur afar erfiðlega að ná til yngra fólks. Áherslur okkar um sanngjarnt skattkerfi, öflugt heilbrigðis- og menntakerfi, auðlindir í almannaþágu og samkeppnishæft atvinnulíf eiga í dag brýnt erindi en virðast ekki ná til kjósenda. Þessi staða gerir okkur erfitt fyrir að laða til okkar nýtt fólk með nýjar hugmyndir. Vegna alls þessa tel ég að kominn sé tími á grundvallarbreytingu.

**Þróun í takt við tímann**

Til að hreyfing jafnaðarfólks geti þróast í takt við tímann verðum við að vera tilbúin til að byrja upp á nýtt. Það vil ég að Samfylkingin geri. Við eigum að skapa nýjan sameiginlegan vettvang fyrir flokksfólk og fólk sem er sammála okkur í pólitík en er utan flokka eða í öðrum stjórnmálaflokkum. Fólk sem hefur frjálslyndi, félagshyggju, femínisma og jöfnuð að leiðarljósi. Fólk sem vill ekki vera hluti af fortíðinni en hefur brýnt erindi við samtímann. Hreyfing með nýja talsmenn með nýjar hugmyndir.

**Þörf á nýrri hreyfingu**

Verði ég formaður Samfylkingar þá hyggst ég leiða flokkinn í þessa átt. Samfylkingin á að vera tilbúin að taka alvöru skref í átt til fólks sem er sammála okkur um lykiláherslur í íslenskum stjórnmálum. Við eigum að stofna nýja hreyfingu sem stefnir saman fólki frá miðju til vinstri. Hreyfingu sem rúmar fjölbreyttar raddir og mörg sjónarmið.

Ég vil að við stefnum að því að stofna nýja nútímalega stjórnmálahreyfingu. Sem formaður Samfylkingarinnar mun ég hefja samtal við aðra stjórnmálaflokka og fólk utan flokka, um mótun nýrrar hreyfingar með áherslu á auðlindir í almannaþágu, umhverfisvernd, nýja stjórnarskrá, jöfn tækifæri, öflugt velferðarkerfi og samkeppni í heilbrigðu atvinnulífi. Staðan í stjórnmálum krefst þess að við séum hugrökk, köstum burt klyfjum fortíðar og séum tilbúin til að stíga saman næsta skref í sögu jafnaðarfólks á Íslandi.

**Ég vil að við stefnum að því að stofna nýja nútímalega stjórnmálahreyfingu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þegar allt springur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Undarlegir hlutir gerast nú allt í kringum okkur. Brezki Íhaldsflokkurinn, flokkur Winstons Churchill og Margrétar Thatcher, getur hæglega sprungið í loft upp í sumar ef Bretar ákveða að segja skilið við Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslunni 23. júní nk. Atkvæðagreiðslan er haldin vegna þess að Íhaldsflokkurinn er klofinn í málinu. David Cameron forsætisráðherra og 16 aðrir ráðherrar í ríkisstjórn hans vilja að Bretar verði áfram í ESB, en fimm ráðherrar vilja ganga út eins og allmargir þingmenn flokksins og óbreyttir flokksmenn. Aðrir helztu flokkar í þinginu leggjast gegn úrsögn Breta úr ESB, þ.m.t. Verkamannaflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn og Skozki þjóðarflokkurinn.

Boris Johnson, fráfarandi borgarstjóri í London, mælir fyrir úrsögn, sumir segja til að geta orðið forsætisráðherra strax í sumar verði úrsögnin samþykkt. Fari svo, mun ekki bara Íhaldsflokkurinn splundrast heldur einnig Bretland þar eð Skotar munu þá trúlega heimta sjálfstæði án frekari tafar til að geta verið áfram í ESB á eigin spýtur. Líklegt virðist einnig að Norður-Írland muni þá kjósa að sameinast Írlandi í sama skyni. Eftir stendur þá England berstrípað ásamt Wales, varla svipur hjá sjón. Barack Obama Bandaríkjaforseti varar Breta opinskátt við útgöngu og hættunni á að Bretar myndu með því móti spilla sérstöku sambandi sínu við Bandaríkin.

**Repúblikanar: Sama saga**

Svipað er að gerast í Bandaríkjunum þar sem Repúblikanaflokkurinn, flokkur Abrahams Lincoln, virðist ætla að ganga sundraður til forsetakjörs í haust. Í fyrsta sinn í sögu landsins hefur nú annar stóru flokkanna kallað yfir sig óvinveitta yfirtöku eins og sagt er á viðskiptamáli. Kaupsýslumaðurinn og raunveruleikasjónvarpsstjarnan Donald Trump stendur einn eftir þeirra 17 manna sem sóttust eftir útnefningu repúblikana og virðist því líklegur til að hljóta útnefninguna á flokksþinginu í Cleveland í Ohio í sumar nema flokkseigendafélagið finni leið til að hafa útnefninguna af honum. Fari svo segist hann munu bjóða sig fram utan flokka. Ekki er heldur hægt að útiloka að flokkseigendafélagið tefli fram utanflokkaframbjóðanda til höfuðs Trump.

Repúblikanaflokkurinn klofnaði síðast 1912. Klofningurinn þá færði demókrötum Hvíta húsið á silfurfati. Það virðist einnig líkleg niðurstaða forsetakjörsins þar vestra í nóvember. Við bætist að efnahagur Bandaríkjanna fer nú batnandi, full atvinna er aftur komin á eftir hremmingar undangenginna ára, verðbólga er lítil sem engin og vextir eru nálægt núlli. Það ætti eitt sér í ljósi reynslunnar að duga demókrötum til sigurs jafnvel gegn sameinuðum repúblikönum enda þótt laun séu enn víða þrúgandi lág þar vestra og misskipting auðs og tekna sé mörgum þungbær.

**Sviðin jörð ehf.**

Áþekk staða er nú uppi hér heima. Fyrir liggur að Sjálfstæðisflokkurinn gengur sundraður til næstu alþingiskosninga þar eð Viðreisn Benedikts Jóhannessonar tölfræðings er fyrst og fremst stefnt gegn Sjálfstæðisflokknum vegna vanefnda flokksins í Evrópumálum. Það veikir flokkinn enn frekar að nú hefur fv. formaður flokksins, forsætisráðherra og seðlabankastjóri tilkynnt framboð sitt til forseta Íslands, maður sem hefur skilið eftir sig sviðna jörð hvar sem hann hefur drepið niður fæti sl. aldarfjórðung. Hann kýldi kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins niður um þriðjung, kýldi lestur Morgunblaðsins niður fyrir Bændablaðið, keyrði Seðlabanka Íslands í þrot („Það var aldrei kláraður lánasamningur á milli Kaupþings og Seðlabankans vegna þessa láns“ að sögn forstjóra Kaupþings í Fréttablaðinu 25. október 2014) og reyndi síðan að selja Ísland í hendur Rússum eftir hrun („Öll aðstoð frá Rússlandi er vel þegin“, Viðskiptablaðið, 7. október 2008) til að komast undan AGS og Norðurlöndum sem áttu þó eftir að bjarga því sem bjargað varð – svo fátt eitt sé talið.

**Það veikir flokkinn enn frekar að nú hefur fv. formaður flokksins, forsætisráðherra og seðlabankastjóri tilkynnt framboð sitt til forseta Íslands.**

Rannsóknarnefnd Alþingis ályktaði að hann hefði líkt og sex aðrir menn gerzt brotlegur við lög í aðdraganda hrunsins. Fjórir af þessum sjö voru hátt settir sjálfstæðismenn. Nánar tiltekið segir RNA í skýrslu sinni (2. kafli, bls. 46) að seðlabankastjórinn þáv. „hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi ... laga ... í tilteknum störfum sínum við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni.“

Ætla má eftir allt sem á undan er gengið að einhverjir flokksmenn sjái e.t.v. votta fyrir tormerkjum á að senda mann með slíkan feril til Bessastaða. Stjórnmálaflokkar hafa losnað úr límingunum af minna tilefni.

Spyrjið repúblikana.














Ferskt kjöt • Þú ræður magni og skurði • Sérútbúnir réttir

Í Fjarðarkaupum færðu allt á einum stað. Kjötborð okkar er rómað fyrir góða vöru og framúrskarandi þjónustu. Við bjóðum upp á fyrsta flokks ferskt kjöt, sérvalið af fagmönnum.

Hjá okkur starfar lærður kjötiðnaðarmaður sem leiðbeinir þér við val á kjöti og sker eftir þínum óskum. Einnig bjóðum við alltaf upp á sérútbúna rétti sem þú getur eldað heima.

***Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.***

SÉRVALIÐ
GÆÐAKJÖT

*Verið velkomin í Fjarðarkaup*

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP




Ábyrgð
Árangur
Eftirlit
Endurhæfing

Gæði
Heilsuefling
Heilsugæsla
Heilsuvernd






Kennsla
Leiðsögn
Lýðheilsa
Málsvörn

Mat
Meðferð
Menntun
Nám



Nýjungar
Ráðgjöf
Rannsóknir
Samhæfing



Samheldni
Samhjálp
Sérhæfing
Skilningur



Skipulagning
Skyldur
Stefnumótun
Stjórnun

Trúnaður
Virðing
Þjálfun
Öryggi



Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí

Góð heilbrigðisþjónusta er ein forsenda þess að einstaklingar geti notið góðrar heilsu.

Hjúkrun er sá þáttur heilbrigðisþjónustu á Íslandi sem nær til flestra landsmanna.

Hjúkrun er **þekking**, **færni** og **umhyggja** í þágu þjóðarinnar.

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Suðurlandsbraut 22 – 108 Reykjavík – Sími 540 6400 – hjukrun@hjukrun.is


## Atkvæði og tilfærslur

| | Atkvæði í aðalvali | Hlutfall af gildum atkvæðum | Færð atkvæði | Atkvæði að loknum tilfærslum | Hlutfall af gildum atkvæðum |
|---|---|---|---|---|---|
| Sadiq Khan | 1.148.716 | *44,2%* | 161.427 | 1.310.143 | *50,4%* |
| Zac Goldsmith | 909.755 | *35,0%* | 84.859 | 994.614 | *38,3%* |
| Hinir tíu frambj. | 538.490 | *20,7%* | | | |
| *Ófæranleg atkvæði* | | | | 292.204 | *11,3%* |
| Gild atkvæði alls | 2.596.961 | *100,0%* | 246.286 | 2.596.961 | *100,0%* |

# Bessastaðir og Mansion House



**Þorkell Helgason**
áhugamaður um bætta stjórnarskrá og sat í stjórnlagaráði

**Stjórnlagaráð lagði til margvíslegar umbætur á fyrirkomulagi forsetakosninga, svo sem um fjölgun meðmælenda svo og að kjósendur gætu forgangsraðað frambjóðendum svipað og í þessari bresku kosningu. En allt hefur þetta dagað uppi.**

Hvað eiga þessi tvö hús sameiginlegt? Annað er aðsetur forseta Íslands en í hinu situr borgarstjóri Lundúnaborgar. Það er þó gjörólíkt hvernig menn komast til ábúðar í þessum húsum. Framundan er að velja næsta bónda á Bessastöðum. Það verður gert með svokallaðri meirihlutakosningu. Sá vinnur sem flest fær atkvæðin, óháð því hvort hann nær meirihluta atkvæða eða ekki. Nú kunna allmargir að takast á um forsetaembættið. Þá er undir hælinn lagt hver stuðningurinn verður við vinningshafann. Borgarstjórinn í London er á hinn bóginn kjörinn á þann hátt að meiri líkur eru á því en minni að hann njóti stuðnings meirihlutans. Lítum nánar á kosninguna sem fram fór í London 5. maí sl.

Kjósandi í London merkir við þann frambjóðanda sem hann helstan kýs, allt eins og hér. En að auki býðst honum að merkja við annan til vara. Uppgjörið fer þannig fram að fyrst eru talin saman atkvæði í aðalvali kjósenda. Nái þá einhver meirihlutafylgi er hann rétt kjörinn borgarstjóri. Ef ekki, kemur sá frambjóðandi sem fær fæst aðalatkvæði ekki lengur til greina. Atkvæði hans færast til hinna frambjóðendanna í samræmi við varaval hvers þessara kjósanda. Þessu er haldið áfram koll af kolli þar til einungis tveir frambjóðendur eru eftir og er þá að sjálfsögðu sá valinn sem hefur flest atkvæði. Hvernig voru úrslitin fengin í London?

Tólf buðu sig fram í borgarstjóraembættið. Þeir sem flest atkvæði hlutu í aðalvali kjósenda voru frambjóðendur Verkamannaflokksins annars vegar og Íhaldsmanna hins vegar, þeir Sadiq Khan og Zac Goldsmith. Fylgi þeirra tveggja kemur fram í tveimur fyrstu talnadálkunum í meðfylgjandi töflu.

Af töflunni sést að enginn frambjóðandi hlaut hreinan meirihluta atkvæða í aðalvali kjósenda. Ef þetta væru forsetakosningar á Íslandi væri hér með amen eftir efninu og Khan kjörinn út á 44% fylgi. Atkvæði þeirra tæplega 21% kjósenda, sem völdu einhvern hinna tíu – en þeir eru spyrtir saman í töflunni – myndu detta niður dauð og ómerk. Þau réðu engu um það hvort Khan eða Goldsmith yrði að lokum valinn. Þó er ljóst að þau ættu að geta ráðið úrslitum.

Í London er því ekki látið staðar numið heldur rýnt í varaval kjósenda þeirra frambjóðenda sem reka lestina og atkvæðin færð til í samræmi við vilja kjósenda. Lokaniðurstaðan er sýnd í fjórða talnadálki töflunnar.

Að loknum tilfærslum atkvæða í varavali sést að Khan nær hreinum meirihluta gildra atkvæða, þótt naumur sé eða 50,4%. Úr lokadálki töflunnar má lesa að einungis 11,3% kjósenda hafa engin áhrif á það hvor þeirra efstu náði kjöri. Án varavalsins væru þessir áhrifalausu nær helmingi fleiri eða 20,7%. Ástæður þess, að tiltölulega mörg atkvæði – eða 246.286 – fara forgörðum þrátt fyrir varavalið, eru einkum tvær. Annars vegar sú að kjósendur hirtu ekki um að velja varamann en hins vegar vegna þess að tiltölulega margir völdu sama frambjóðanda sem aðal- og varamann og gerðu þar með varaval sitt marklaust. Hjá þessu síðarnefnda hefði mátt komast með betri útfærslu kjörseðilsins en það er önnur saga.

Aðferðafræðin í þessum bresku borgarstjórakosningum er vel þekkt. Hún hefur verið notuð í nær heila öld á Írlandi, m.a. við forsetakjör, og hún var notuð í kosningunum til Stjórnlagaþingsins sáluga 2010 og henni mun verða beitt við kjör á formanni Samfylkingarinnar nú á næstunni. Kosningin á borgarstjóranum í London og kosningin til Stjórnlagaþingsins eiga fleira sameiginlegt, m.a. að í báðum var talið rafrænt. En munurinn er sá að Hæstiréttur leyfði sér að úrskurða íslensku kosninguna ólöglega.

Stjórnlagaráð lagði til margvíslegar umbætur á fyrirkomulagi forsetakosninga, svo sem um fjölgun meðmælenda svo og að kjósendur gætu forgangsraðað frambjóðendum svipað og í þessari bresku kosningu. En allt hefur þetta dagað uppi. Því sitjum við líka uppi með það að forseti lýðveldisins getur veitt „... undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til“. eins og segir í hinum gildandi grundvallarlögum okkar, bráðabirgðastjórnarskránni frá 1944.

Er ekki tími til kominn að fólk kynni sér stjórnarskrármálið?





GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
INDVERSK TEPPI
125X150 cm.
VERÐ 3.990,-
30% AFSLÁTTUR
AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM
GILDIR 12.–25. MAÍ
AKRON STÓLL
ÁÐUR 29.900,-
NÚ 20.930,-
LHUIS STÓLL
ÁÐUR 35.900,-
NÚ 25.130,-
DAYTON STÓLL
ÁÐUR 22.900,-
NÚ 16.030,-
NAVELLI STÓLL
ÁÐUR 17.990,-
NÚ 12.593,-
30% AFSLÁTTUR
NQ EIKARBORÐ
ÁÐUR 179.900,-
NÚ 125.930,-
Stærð: 200x100xH76 cm.
KEVIN STÓLL
ÁÐUR 15.990,-
NÚ 11.193,-
RÚMTEPPI
VERÐ FRÁ 6.993,- m/afslætti
ILMUR MÁNAÐARINS
30% AFSLÁTTUR
CANADIAN LANDSCAPE
ÁÐUR 2.990,- NÚ 2.093,-
BREDA SPEGILL
ÁÐUR 29.900,-
NÚ 20.930,-
Stærð: 88x108 cm.
30% AFSLÁTTUR
AF RÚMTEPPUM OG SPEGLUM
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

## Haukar svöruðu fyrir sig




**Staðan orðin jöfn** Haukar unnu þriggja marka sigur, 25-28, á Aftureldingu í N1-höllinni í Mosfellsbæ í gær og jöfnuðu þar með metin í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla. Liðin mætast í þriðja sinn á Ásvöllum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nú þarf að skrifa næsta kafla

**Kevin Keegan, fyrrverandi landsliðsmaður og landsliðsþjálfari Englands, segir það ekki koma sér mikið á óvart að Ísland hafi komist á Evrópumótið í fótbolta. Nú þurfi strákarnir að þora að komast lengra.**

**FÓTBOLTI** „Það hefur margt breyst síðan ég kom hingað síðast,“ sagði Kevin Keegan, fyrrverandi landsliðsmaður og landsliðsþjálfari Englands, þegar Fréttablaðið settist niður með honum í hádegishléi á Business and Football-ráðstefnunni sem fram fór í Hörpu í gær. Keegan var einn af frægum fótboltamönnum og þjálfurum sem sat pallborðsumræður á ráðstefnunni.

Keegan kom síðast til Íslands árið 1979 með Þýskalandsmeisturum Hamburg en hann var á þeim tíma besti leikmaður Evrópu og handhafi Gullknattarins. Hamburg mætti Val á Laugardalsvellinum og vann auðveldan sigur í tveimur leikjum.

„Það var smá ævintýri að koma til Íslands því þetta var ekki staður sem enskur maður eins og ég myndi heimsækja í fríinu sínu. Kannski í dag reyndar, en á þeim tímum fór maður til Spánar eða þangað sem var heitt,“ segir Keegan.

„Við vorum alveg smeykir fyrir svona leiki því við gátum lent í vandræðum ef við töpuðum illa. Það var alveg möguleiki því við vissum ekkert um íslenska liðið og maður vissi ekkert hvernig völlur yrði. Það var vetur þegar við komum og snjór úti um allt og kalt,“ bætir hann við en á þessum tíma var allt öðruvísi að spila Evrópuleiki en í dag.

„Við renndum blint í sjóinn þarna en þannig var fótboltinn á þessum tíma. Við höfðum ekkert séð Val spila. Okkur var bara sagt að ákveðinn leikmaður væri leikstjórnandinn og að þeir spiluðu svona taktík. Svona var þetta gert í gamla daga en auðvitað hafa miklar breytingar orðið á þessu,“ segir Keegan.

> Það kemur í raun ekki svo mikið á óvart að Ísland sé komið á Evrópumótið ef maður horfir á heildarmyndina.
>
> Kevin Keegan



### Ekki svo mikið á óvart

Keegan er auðvitað staddur á landinu vegna afreks íslenska landsliðsins en með því var sett upp í kringum þann árangur sem og árangur í viðskiptalífinu eftir hrunið. Hvernig horfir þessi árangur við Keegan?

„Þegar maður sér svona afrek eins og hjá Íslandi fer maður að hugsa: Hvernig getur þetta gerst? Allir halda að fótbolti og íþróttir í heildina snúist bara um tölur. England er með svona og svona marga íbúa, Þýskaland svona marga og Brasilía er stórt land,“ segir hann og fer svo að tala um hópinn.

„En ég lít fyrst á þjálfarana. Hverjir eru þeir? Hjá Íslandi er annar þeirra Lars Lagerbäck sem er þrautreyndur og þeir Heimir ná vel saman. Síðan lítur maður á leikmennina og hvar þeir spila. Sumir eru á Englandi en spila í næstefstu deild sem er líka sterk deild. Svo horfir maður á hina leikmennina og áttar sig á því að íslenska liðið er með hina fullkomnu blöndu,“ segir Keegan, sem er ekkert gapandi vegna árangurs strákanna okkar.

„Það kemur í raun ekkert svo mikið á óvart að Ísland sé komið á EM ef maður horfir á heildarmyndina og það kæmi mér heldur ekki í opna skjöldu ef liðið kemst upp úr riðlinum. Liðið er sterkt og með nógu marga góða leikmenn þótt breiddin sé ekki mikil.“

### Verða að þora að sækja

David Moyes, fyrrverandi knattspyrnustjóri Everton og Manchester United, var í viðtali við Fréttablaðið á dögunum þar sem hann bað stuðningsmenn íslenska liðsins og íslensku þjóðina að halda væntingunum niðri. Keegan er ekki alveg á sama máli þótt hann skilji hvað Skotinn eigi við.

„Það virðist vera í tísku að gera sér ekki of miklar væntingar. Það er ekki langt síðan við horfðum á Manchester City spila seinni undanúrslitaleikinn gegn Real Madrid í Meistaradeildinni og ekki einu sinni að reyna að vinna ef þannig má að orði komast. Þeir gáfu sig ekki alla í þetta þrátt fyrir að eiga möguleika á að komast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar,“ segir Keegan og bætir við:

„Eina leiðin til að vinna bestu liðin er að mæta þeim í fótbolta. Það þýðir ekkert að láta lið eins og Manchester United eða eitthvert stórlið á Evrópumótinu, ef við tölum um Ísland, vera með boltann 80 prósent af leiknum. Ísland vinnur engan leik ef það er bara tuttugu prósent með boltann nema með ótrúlegri heppni. Þegar rétti tíminn kemur í leiknum verður liðið að þora að sækja. Það þýðir ekkert bara að vona að hitt liðið eigi slæman dag og skjóti alltaf í stöngina.“

### Sögubækurnar

Spurður hvað strákarnir okkar þurfi að passa þegar þeir verða loks komnir á EM segir Keegan: „Ég hlakka til að sjá hvernig þeir koma til leiks og og bera sig að fyrstu 10-20 mínúturnar. Það verður fróðlegt að sjá hvort þeir verða smeykir eða tilbúnir að mæta jafnsterkum mótherja og Portúgal. Ísland þarf samt ekkert að óttast. Liðið hefur nú þegar afrekað mikið.“

Hann vill samt ekki að íslensku strákarnir sætti sig bara við það eitt að komast á Evrópumótið. „Leikmennirnir mega samt ekki mæta með það hugarfar að nú sé þetta komið fyrst liðið komst á EM. Ég vil að þeir hugsi um að skrifa annan kafla í sögubækurnar og komast upp úr riðlinum,“ segir Keegan og heldur áfram:

„Þegar ég horfi á liðið og leikmennina sem eru í því er ég viss um að það mun gefa öllum liðum leik. Þannig er bara íslenski andinn og í raun allra á Norðurlöndum. Við höfum séð það með íslenska leikmenn og aðra frá Norðurlöndunum sem koma til Englands. Þeir leggja mikið á sig til að ná fram því besta í sjálfum sér.

Ef íslenska liðið hugsar þannig og spilar þannig þá verður erfitt að vinna það. Íslensku strákarnir þurfa að hlaupa og berjast og vera í andlitinu á mótherjanum allan leikinn eins og það hefur alltaf gert. Svo, þegar tækifæri gefst, verður liðið að þora að spila boltanum. Við vitum alveg að íslenska liðið getur það enda komst það á EM í gegnum mjög erfiðan riðil,“ segir Kevin Keegan. tomas@365.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Liverpool - Chelsea 1-1**
0-1 Eden Hazard (32.), 1-1 Christian Benteke (90+2).

**Sunderland - Everton 3-0**
1-0 Patrick van Aanholt (38.), 2-0 Lamine Koné (42.), 3-0 Koné (55.).

**Norwich - Watford 4-2**
0-1 Troy Deeney (11.), 1-1 Nathan Redmond (15.), 2-1 Dieumerci Mbokani (18.), 3-1 Craig Cathcart, sjálfsmark (37.), 3-2 Odion Ighalo (51.), 4-2 Mbokani (57.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 80 | Bournem. | 42 |
| Tottenham | 70 | Sunderland | 38 |
| Arsenal | 68 | Newcastle | 34 |
| Man. City | 65 | Norwich | 34 |
| Man. Utd | 63 | Aston Villa | 17 |

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Stjarnan - Þór/KA 4-0**
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (25.), 2-0 Harpa (55.), 3-0 Kolbrún Tinna Eyjólfsdóttir (67.), 4-0 Harpa (89.).

**Breiðablik - KR 4-1**
1-0 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (25.), 2-0 Fanndís Friðriksdóttir (50.), 3-0 Rakel Hönnudóttir (52.), 4-0 Andrea (63.), 4-1 Eydís Lilja Eysteinsdóttir (70.).

**ÍBV - Selfoss 0-1**
0-1 Lauren Hughes (21.).

**Fylkir - Valur 2-2**
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (16.), 1-1 Ruth Þórðar Þórðardóttir (68.), 2-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (82.), 2-2 Lilja Dögg Valþórsdóttir (86.).

**Olís-deild karla, úrslit:**

**Afturelding - Haukar 25-28**
**Afturelding:** Árni Bragi Eyjólfsson 6, Mikk Pinnonen 5, Jóhann Jóhannsson 3, Jóhann Gunnar Einarsson 3.
**Haukar:** Janus Daði Smárason 8, Jón Þorbjörn Jóhannsson 6, Hákon Daði Styrmisson 4.

*Staðan í einvíginu er 1-1.*

STÓRLEIKUR VESTUR Í BÆ
Þriðja umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta hefst í kvöld með fimm leikjum. Þar ber hæst leik KR og FH á Alvogen-vellinum. FH er með fullt hús stiga en KR aðeins tvö stig. KR-ingar mega því alls ekki við því að tapa fyrir Íslandsmeisturunum ef þeir ætla að taka þátt í titilbaráttunni í sumar. Stjörnumenn, með sín sex stig, mæta nýliðum Þróttar í Garðabænum og hinir nýliðarnir, Víkingar Ó., sækja Eyjamenn heim. Stigalaus lið Vals og Fylkis mætast á Valsvellinum og Fjölnismenn geta haldið sigurgöngu sinni áfram gegn Skagamönnum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | The Players | Golfstöðin |
| 17.50 | ÍBV - Víkingur Ó. | Sport 2 |
| 19.30 | KR - FH | Sport |
| 00.30 | OKC - San Antonio | Sport |
| 19.15 | Valur - Fylkir | Valsvöllur |
| 19.15 | Stjarnan - Þróttur | Samsung-v. |
| 19.15 | ÍA - Fjölnir | Norðurálsv. |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

12. MAÍ 2016 FIMMTUDAGUR




# INNBLÁSTUR SÓTTUR TIL NÁTTÚRUNNAR

Á meðan **Dainius Bendikas** stundaði nám við Vilnius Art Academy í Litháen eyddi hann öllum sumrum úti í náttúrunni í leit að innblæstri. Nú býr hann og starfar á Íslandi og hefur m.a. unnið með hönnunarteymi JÖR. Nýlega tók hann við stöðu aðjúnkts í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands.

MYNDIR/STEFÁN















Allur fatnaður á myndunum er hönnun Dainius, fyrir utan skóna á forsíðunni. MYNDIR/STEFÁN

Dainius Bendikas var nýlega ráðinn í stöðu aðjúnkts við námsbraut í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Dainius, sem hefur fjölbreytta reynslu á sviði hönnunar, útskrifaðist frá Vilnius Art Academy í Litháen árið 2011. Meðan á námi hans stóð kom hann til Íslands sem skiptinemi og sneri hann aftur hingað til lands að útskrift lokinni. Undanfarin ár hefur Dainius starfað í hönnunarteymi JÖR auk þess sem hann hefur líka hannað búninga fyrir hljómsveitina Of Monsters and Men og rokkóperu í Litháen.

Á meðan hann var í námi í heimalandi sínu segist hann hafa sótt mestan innblástur til náttúrunnar. „Ég eyddi heilu sumrunum úti í náttúrunni þar sem ég þróaði og hugleiddi hugmyndir mínar. Eftir þrjú annasöm og afkastamikil ár þurfti ég að breyta til og finna um leið nýtt landslag til að veita mér innblástur. Þannig varð Ísland fyrir valinu.“

## BYRJAÐI UNGUR

Áhugi Dainius á hönnun og fatnaði byrjaði snemma að sögn hans. Faðir hans er verkfræðingur og uppfinningamaður og móðir hans er klæðskeri. „Foreldrar mínir höfðu bæði mikil áhrif á mig. Þau stofnuðu fjölskyldufyrirtæki sem framleiddi föt og ég lærði af þeim, samhliða öðrum leik í æsku minni. Átta ára gamall hannaði ég fyrsta prjónamynstrið mitt á risastórri tölvustýrðri prjónavél. Næst hannaði ég æfingaföt fyrir sjálfan mig þannig að ég byrjaði snemma. Ég var þó ekki beint heillaður af hönnun á þessum tíma heldur fannst fyrst og fremst gaman að skapa eitthvað sjálfur.“

## SKÓRNIR HEILLA

Honum finnst íslenskir karlmenn almennt klæðast vel en segir mestu máli skipta að velja föt sem passa við persónuleika hvers og eins. „Ég kann því vel að meta þá karlmenn sem eru óhræddir við að stunda tilraunastarfsemi í klæðaburði til þess að finna sinn eigin stíl og karakter.“ Uppáhaldsflíkur hans eru skór en sjálfur hannaði hann nokkrar skólínur fyrir fáeinum árum. „Ég á nokkur pör sem ég hef gengið til húðar og því hóf ég nýlega aftur að hanna skólínur í frítíma mínum. Það er eitthvað svo heillandi við skó og það verður gaman að sjá hvað kemur úr þessari vinnu minni.“

Ýmsir fylgihlutir eru í uppáhaldi hjá honum, þá helst hringar og handtöskur. „Yfirleitt ber ég hringa eftir hæfileikaríkan skartgripahönnuð sem heitir Benas Staskauskasen en einn hringa hans má m.a. sjá á plötuumslagi nýjustu plötu Bjarkar. Ég á einnig fimm handtöskur sem ég nota mikið enda eru þær mjög praktískar.“



Dainius er óhræddur við tilraunastarfsemi þegar kemur að eigin hönnun.

> Ég kann því vel að meta þá karlmenn sem eru óhræddir við að stunda tilraunastarfsemi í klæðaburði til þess að finna sinn eigin stíl og karakter.
>
> Dainius Bendikas

## NÝ LÍNA FRAMUNDAN

Þessar vikurnar er hann að leggja lokahönd á fatalínu í samstarfi við fyrirtæki sem sérhæfir sig í útivistarfatnaði. „Vinnan hófst fyrir næstum ári og er nú loks að ljúka. Það er töluverð áskorun að hanna innan ákveðins ramma en um leið að vera trúr sjálfum sér og eigin hugmyndum. Í línunni notumst við við nýja nálgun að útivistarfatnaði, þar sem konsept og hönnun eru í fyrirrúmi. Ég var svo heppinn að fá fullt frelsi þegar kom að lokaútkomunni, markaðsherferðinni, umbúðum og fleira tengt fatalínunni en hún ætti að koma á markað í lok sumars.“

**Hönnun Dainius Bendikas má finna á Facebook (Dainius Bendikas) og á Instagram (dainius_bendikas).**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



SKRÁÐU ÞIG Í EUROVISION LUKKU-POTTINN Í VERSLUNINNI!
4 heppnir þátttakendur hljóta 10.000kr gjafabréf í ZikZak
Drögum mánudaginn 16. maí
ZIKZAK
Kaupauki
Fjölnota burðarpoki fylgir með öllum kaupum!
Stærðir 36-56
EUROVISION PARTÝ Í ZIK ZAK!
Glænýjar vörur, frábær tilboð og skemmtilegt happdrætti dagana 10.-14.maí
ZIKZAK TÍSKUHÚS
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
PEYSA 5.990kr st. 36-48
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. S-XXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
Vegna fjölda áskorana þá höfum við stelpurnar ákveðið að framlengja tilboðunum á öllum úlpum og skóm!
Tilboðsverð 7.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 9.590,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 3.990,- Áður 4.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 4.790,- Áður 5.990,- st. 36-41
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 36-56
Einnig til í gráu og svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Einnig til í rauðu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314






Greta fór utan með fjögur mismunandi skartgripasett frá SIGN.




# GRETA SILFURBÚIN

Fjölmennt teymi stendur jafnan að baki hverjum Eurovision-keppanda. Þeirra á meðal eru skartgripahönnuðir og hafði Greta Salóme til að mynda nokkrar skartgripalínur frá **SIGN** með í farteskinu til Stokkhólms sem hún hefur borið við ólík tilefni.

Greta bar ýmiss konar skart í aðdraganda keppninnar í ár og á undanúrslitakvöldinu sjálfu. Þar á meðal frá skartgripahönnuðinum SIGN. „Við smíðum skartgripi úr margs konar eðalmálmum en silfrið hefur þó alltaf skipað heiðurssess. Það má því að segja að Greta hafi verið silfurbúin,“ segir Sigurður Ingi Bjarnason, gullsmiður og aðalhönnuður SIGN. Hann segir þetta ekki í fyrsta skipti sem Greta beri skart frá SIGN. „Við höfum auk þess staðið við bakið á mörgum Eurovision-stjörnum á vegferð þeirra fyrir hönd Íslands í gegnum árin og erum afar hreykin af því að vera hluti af ásýnd Gretu.“



Armbandið Himinbogi.

Greta er með skartgripasett úr fjórum skartgripalínum SIGN í farteskinu. „Eitt er úr Ísnálinni sem er ein vinsælasta lína SIGN, en hún er innblásin af margbreytilegri mynd íss. Þá er hún með settið Hamingjuhjólið sem er hluti af línunni Eldur og ís og kom í verslanir um síðustu jól. Eins með armbandið Himinboga og skartgripasettið „Lucky nember seven“ sem vísar í happatöluna sjö,“ upplýsir Sigurður Ingi.

Að sögn Sigurðar Inga bætist sífellt í skartgripaúrval SIGN og því tilheyra fjölbreyttar línur. Hver hefur sitt sérkenni og dregur nafn sitt af mismunandi náttúrufyrirbærum og menningu. „Þessa dagana er meðal annars að bætast í skartgripalínuna Ögn af Íslandi, sem einkennist af samspili silfurs og íslenska hraunsins. Hraunið er einn fallegasti efniviður jarðarinnar og getur skákað hvaða eðalsteinum sem er í réttri umgjörð. Hraun í hásæti silfurs er Ögn af Íslandi.“



Hálsmen úr Hamingjuhjólinu.



Hringur úr Lucky number seven.



Ísnálin er ein vinsælasta lína SIGN.


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE 2016
ParkTool
2016
CUBE HYBRID
Verð frá: 89.990kr
2016
CUBE RACER
Verð frá: 159.990kr
2016
CUBE 27,5”
Verð frá: 89.990kr
CROSS RACE 2016
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00

# BERAR AXLIR Í SUMAR

Berar axlir verða vinsælar í sumar ef marka má helstu tískukónga. Þeir sækja tískustrauma sína til Hollywood-stjarna á borð við Elísabetu Taylor og Brigitte Bardot sem sýndu sig gjarnan með berar axlir á góðviðrisdögum.

Skyrtur, kjólar eða samfestingar með berum öxlum þykja kynþokkafullur fatnaður þegar sólin skín. Hann hentar hvort sem er að degi til eða í kvöldveislu að sumri. Nútímastjörnur hafa sést klæðast í þessum stíl undanfarið. Má þar nefna Oliviu Palermo, Dakotu Johnson, Chloe Bennet, Selenu Gomez og Alexu Chung. Helstu tískuhús voru með fatnað með berum öxlum á tískusýningum sínum fyrir vor og sumar 2016. Má þar nefna Michael Kors, Chloé, Sonya Rykiel, Givenchy og fleiri. Það þykir eitthvað mjög sumarlegt við að hafa axlirnar berar, eftir því sem tískulöggur Vogue-tímaritsins segja. Auk þess sem stíllinn er frjálslegur, svokallað bóhemútlit.

Konur eins og Kelly Kapowski og Kendall Jenner sýna berar axlir þessa dagana. Skyrturnar eru gjarnan úr silki eða bómull. Stundum er talað um „off shoulder“ skyrtur eða kjóla. Skyrtan passar vel með gallabuxum og við háa hæla. Fallegt hálsmen nýtur sín vel við slíkan fatnað.


Michael Kors


Derek Lam


Proenza Schouler


Jason Wu


Adeam


Derek Lam


Elísabet Taylor með berar axlir árið 1955.


Brigitte Bardot með berar axlir í kringum 1960.








Granít Steinar
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 309.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 239.900
Með lukt, áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 303.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 319.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 159.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 119.900
Sendum út um allt land án kostnaðar
MIKIÐ ÚRVAL LUKTA OG FYLGIHLUTA FRÁ BIONDAN,
EINUM VIRTASTA FRAMLEIÐENDA Í EVRÓPU
BIONDAN
* Aukahlutir á mynd fylgja ekki
Granítsteinar.is – Helluhrauni 2 – Hafnafjörður – Sími: 544-5100

Sumarkjólar
Verð 8.900.-
Str: s-xxl
Litir blátt,svart



Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Ítalskar og vinsælar



Verð 11.900 kr.

- 3 litir: blátt, svart, ljóst grá/beige.
- stærð S - 3XL (34 - 46/48)
- háar í mittið
- mjúkar
- grannt lærasnið

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365




Júlía Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Alexandra Jónsdóttir útskrifast úr textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Vorsýning nemenda verður opnuð í dag klukkan 17. MYND/VILHELM

# TÆKNI SEM ALLS EKKI MÁ GLEYMAST

Vorsýning Myndlistaskólans í Reykjavík verður opnuð í dag klukkan 17 á 2. og 3. hæð í JL-húsinu við Hringbraut. Verkin á sýningunni eru eftir þá tæplega 120 nemendur sem stunda samfellt nám á framhalds- og háskólastigi í fimm dagskóladeildum skólans.

„Lokaverkefnið mitt er vefnaður,“ segir Alexandra Jónsdóttir. Hún útskrifast með diplóma í textíl frá Myndlistaskóla Reykjavíkur í vor en í dag verður árleg vorsýning skólans með verkum nemenda opnuð. Verk eftir nemendur úr listnámsdeild, sjónlistadeild, keramikdeild, teiknideild og textíldeild verða til sýnis.

Alls útskrifast níu nemendur úr textíl og hefur hópurinn unnið hörðum höndum síðustu daga við lokafrágang.

„Hér hefur allt verið á fullu og verða sýnd ótrúlega fjölbreytt verkefni úr textíldeildinni, útsaumur, þrykk, vefnaður, prjón og fleira,“ segir Alexandra. „Námið hefur verið ótrúlega skemmtilegt og ég hef lært mikið á þessum tveimur árum. Ég er yfir mig ánægð með skólann. Hér eru kenndar aldagamlar aðferðir og tækni sem ekki má gleymast og er til dæmis ekki kennd í Listaháskólanum. Þess vegna er Myndlistaskóli Reykjavíkur svo dýrmætur inn í flóruna.“

Alexandra segir ekki síður lærdómsríkt að kynnast ólíkum bakgrunni samnemenda sinna.

„Þetta er góður hópur og við höfum hjálpast mikið að. Við komum úr ólíkum áttum, ein okkar er til dæmis bóndi og vinnur með ull af eigin kindum. Margar úr hópnum eru með BA í myndlist eða fatahönnun en þetta er gott nám til að dýpka þekkingu sína. Mér finnst dýrmætt að eiga samskipti við fólk með ólíkan bakgrunn. Í lokaverkefninu mínu vann ég áfram með þau tæknilegu atriði sem ég lærði í vefnaðinum og litun í upphafi náms. Ég set einnig persónulega tengingu í verkið en ég er rússneskan bakgrunn og í verkinu vinn ég með rússneskan texta sem endurtekur sig í gegnum fimm metra af satínvefnaði, úr ryðlituðum bómullarþráðum. Ég óf á gamlan, hefðbundinn vefstól.“

*Hvað tekur við eftir útskrift?*

„Það býðst ekki að klára textílnámið hér á landi en ég get klárað BA-gráðuna mína í einhverjum samstarfsskóla Myndlistaskólans erlendis, eða byrjað á grunni í örum skóla. Ég er að bíða eftir svari frá Designskolen i Kolding í Danmörku sem ég er spennt fyrir og sótti líka um í fatahönnun í LHÍ.“



Þrykk eftir Júlíu Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur.



Ryðlitað band ofið með satínvefnaði eftir Alexöndru Jónsdóttur.

> Þetta er góður hópur og við höfum hjálpast mikið að. Við komum úr ólíkum áttum, ein okkar er til dæmis bóndi og vinnur með ull af eigin kindum.
>
> Alexandra Jónsdóttir

**Sýningin verður opnuð klukkan 17 í dag og verður síðan opin milli kl. 13 og 18 fram til þriðjudagsins 17. maí.**


OPTIMUM NUTRITION KYNNIR
AMIN.O. ENERGY™
BLUEBERRY MOJITO
ON
BLUEBERRY MOJITO FLAVOR
Naturally and Artificially Flavored
ESSENTIAL
AMIN.O. ENERGY™
+ ESSENTIAL AMINO ACID DELIVERY
+ MUSCLE RECOVERY
+ ENERGY AND FOCUS
30
DIETARY SUPPLEMENT NET WT. 9.5 OZ (270 G)
FÆST Í: Hagkaup, Krónunni,Bónus, N1, Nettó, Iceland, Fjarðarkaup,
völdum Samkaupsverslunum, Heilsuform/Krossmóa, Perform.is
ON OPTIMUM NUTRITION

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek.95þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. 7 manna. Ásett verð 6.690.000.- Rnr.311670



Honda CR-V Lifestyle Diesel 9/2013 ek.52þús. Beinskiptur. Dráttarkrókur. Ásett verð 4.980.000.- Rnr.288087



Toyota Yaris Hybrid 9/2015 ek.2þús. Sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Ásett verð 3.090.000.- Rnr.151544



Nissan Juke Acenta 2wd Diesel 12/2013 ek.35þús. Beinskiptur. Ný dekk. Ásett verð 2.790.000.- Rnr.287983



Honda Accord Tourer Sport 1/2007 ek.158þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.190.000.- Rnr.311565



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**588 0700 Bílabankinn.is**



MERCEDES BENZ Sprinter. Árgerð 2005, ekinn 220 Þ.KM, dísel, 20 manna . Verð 3.900.000. Rnr.194255 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti.Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**NÝR SANTA FE PREMIUM !**
Hyundai Santa Fe Premium Panorama 2016 Einn með Öllu Leður 7 manna, Panorama ofl Verð 8.4 mil ! Skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Auris sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.991677.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI blueefficiency. Árgerð 2014, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.090.000. Rnr.280121.



CHEVROLET Captiva 7 sæta. Árgerð 2013, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.170024.



KIA Sorento BL. Árgerð 2007, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.991814.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**hjól.is**
**bestir í hjólum..**



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !**
HONDA TRX 700 árg. 2009 lítið notað og í góðu standi, tilboðsverð 590 Þús, möguleiki á 100% Vísaláni, GSM 893-9500

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

**NETBÍLAR**
**www.netbilar.is**



**FRÁBÆRT VERÐ !**
AUDI Q5 quattro v6t 260 hö.5,9 sek í 100,2015 árg, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjk 7 gíra.nývirði 9,7m Tilboðsverð 8.2m Bíllinn er á staðnum núpalind 1 netbílar5885300 engin skipti Rnr.213423.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**hjól.is**
**bestir í hjólum..**



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA!**
HUSABERG 450 FE árg. 2006 ek. 115 tíma, rafstart, nýr rafgeymir og nýleg dekk, tilboðsverð 299 Þús, möguleiki á 100% Vísaláni, GSM 893-9500

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

**bíll.is**
**bestir í bílum...**



**EINSTAKUR BÍLL !!!**
PORSCHE 911 CARERRA (997) árg. 2006 ek. 62 Þkm. Sjálfskiptur, 100% þjónustaður ef umboði, algjört super eintak. Verð 8900 Þús GSM 893-9500



**GLÆSILEGUR !!!**
M.BENZ ML 350 BLUETEC 4MATIC árg. 2014 ek. 15 Þkm, 1 með öllu, 20" sumar og vetradekk á felgum, krókur ofl.ofl. ofl. Nývirði 16600 Þús, okkar verð 12900 Þús gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !**
VOLVO S60 TURBO árg. 2006 ek. 178 Þkm. Sjálfsk, leður, topplúga, álfelgur ofl. Mjög gott eintak og ný skoðaður, tilboðsverð 1190 Þús, GSM -893-95800

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**

**Óskum eftir hjólhýsum, húsbílum og jeppum á staðinn. Tæki ekki sýnd nema í viðurvist sölumanns.**

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

**BILO.IS**
**HÖFÐAHÖLLIN**



TOYOTA YARIS ACTIVE DIESEL nýskr. 08/2014, ekinn 31 Þ.km, dísel, 6 gíra. Verð 2.590.000 TILBOÐ 2.200.000 kr. Raðnr.287098 á BILO.is



NISSAN PATROL ELEGANCE nýskr. 06/2007, ekinn 159 Þ.km, diesel, sjálfskiptur 35" breyttur (minni). Einn eigandi! Verð 3.350.000 kr. Raðnr.255030 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

**TOPPBÍLAR**



TOYOTA Corolla 1.6 vvti sjálfskiptur. Árgerð 2007, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.150.000. Rnr.410912.



TOYOTA Avensis wagon sol bskipt 6gíra dísel. Árgerð 2013, ekinn 59 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000.- TILBOÐ 3.490.000. Rnr.390799.



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2011, ekinn 133 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000.- TILBOÐ 2.690.000. Rnr.390560.



OPEL Vectra elegance cdti disel sjálfskiptur. Árgerð 2008, ekinn 95 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.690.000.- TILBOÐ 1.190.000. Rnr.410640.



NISSAN Pathfinder le it disel 7manna. Árgerð 2005, ekinn 225 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.890.000.- TILBOÐ 1.590.000. Rnr.411232.



MAZDA 3 s/d t plus. Árgerð 2007, ekinn 162 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000.- TILBOÐ 790.000. Rnr.390513.



LEXUS Rx400h exe. Árgerð 2009, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000.- 3.990.000. Rnr.390991.



KIA Sportage crdi 4wd. Árgerð 2005, ekinn 170 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.090.000. Rnr.410587.



HYUNDAI Tucson 2wd. Árgerð 2004, ekinn 184 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000.- TILBOÐ 490.000. Rnr.411162.



CHEVROLET Trax disel sjálfskiptur. Árgerð 2014, ekinn 40 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.490.000.- TILBOÐ 3.190.000. Rnr.411159.



VW Transporter kombi 8 manna. Árgerð 2014, ekinn 20 Þ.KM, dísel, beinskiptur. Verð 5.490.000.- TILBOÐ 4.990.000. Rnr.287142.



VW Transporter d/c pickup . Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.650.000.- TILBOÐ 4.280.000. ánVSK. Rnr.411110.



VW Passat ecofuel metan. Árgerð 2011, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.690.000.- TILBOÐ 2.190.000. Rnr.411238.



